



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. apríl 2017

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022, mál nr. 402.

Fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022 liggur nú fyrir og byggir hún á þingsályktun um fjármálastefnu, mál nr. 66, sem samþykkt var í þinginu í febrúar sl. Síðar á árinu verða svo hin eiginlegu fjárlög lögð fram á grundvelli þessarar ályktunar. Eru þessar áætlanir settar fram á grundvelli laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Samtökin skiluðu umsögn um fjármálastefnuna og byggja þau sjónarmið sem hér koma fram á þeim megin sjónarmiðum sem koma fram í fyrrnefndri umsögn og ályktunum aðalfundar samtakanna.

Samtök iðnaðarins hafa lýst ánægju sinni með að umgjörð ríkisfjármála séu að færast í þennan búning. Þetta ferli eykur aga og fyrirsjáanleika í ríkisfjármálum og ætti að styðja við stöðugleika í efnahagslífinu til lengri tíma litið. Ennfremur ætti vinna við hin eiginlegu fjárlög og fjáráukalög að færast í betri og faglegru búning. Hins vegar vilja samtökin um leið lýsa nokkrum áhyggjum af því með hvaða hætti fjármálastefna og fjármálaáætlun er notuð til að loka dyrum að mögulegum og jafnvel brýnum verkefnum.

Þegar eru komin fram dæmi þar sem stjórnvöld neita með öllu allri málaleitan um möguleg fjárútlát á grundvelli fjármálaáætlunar. Nauðsynlegt er að viss sveigjanleiki og möguleikar til forgangsröðunar útgjalda séu fyrir hendi án þess þó að grafa undan trúverðugleika fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.

I. Um almennar forsendur áætlunarinnar

Í fjármálaáætluninni er að finna afar ítarlega sviðsmynd af þróun efnahagslífsins á næstu misserum og byggir hún öðru fremur á hagspá Hagstofu Íslands. Óhætt er að segja að sú mynd sem dregin er upp sé afar hagfelld og muni hún rætast verði núverandi hagvaxtaskeið það lengsta í sögunni. Ennfremur er gert ráð fyrir að þegar taki að hægja á efnahagslífinu á ný muni hagkerfið lenda mjúklega án vandkvæða. Sagan kennir okkur hins vegar að það er yfirleitt ekki raunin og í kjölfar langvarandi spennuskeiðs fylgir gjarnan snörp niðursveifla. Langtímaáætlunin er því afar bjartsýn og ljóst að lítið má út af bregða til að markmið um afkomu ríkissjóðs náist ekki. Samkvæmt útreikningum Samtaka atvinnulífsins kemur fram að ef hagvöxtur verði einni prósentu minni en áætlunin gerir ráð fyrir mun fljótt myndast halli á rekstri ríkissjóðs. Í þessu ljósi er afar mikilvægt að halda aftur að vexti ríkisútgjalda, hagvaxtaskeiðið sé nýtt til að ná fram myndarlegum afgangi og svigrúm sé nýtt til að lækka skuldir eftir atvikum. Þetta hefur ekki tekist nægjanlega vel og sporin hræða. Opinber útgjöld á Íslandi sem hlutfall af landsframléiðslu eru þau hæstu á Norðurlöndum og rétt er að minna á að við afgreiðslu síðustu fjárlaga jukust útgjöld ríkisins um tæplega 50 milljarða eða 7,3% milli ára. Þessi útgjaldaaukning er óviðunandi.



Rétt er að vekja athygli á skýrri stefnumörkun sem fram kemur um að öllum einkisráðgjafarverkjum ríkissjóðs verði varið í að greiða niður skuldir eða til lækkunar á ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum í því skyni að treysta fjárhagsstöðu ríkissjóðs og draga úr vaxtakostnaði. Samtökin fagna þessu.

II. Um skattabreytingar í áætluninni

Áætlunin felur í sér að almennur virðisaukaskattur verði lækkaður í 22% en gistipjónusta og önnur ferðapjónusta að undanskilinni veitingastarfsemi færir úr neðra þrepi í almennt þrep. Samtök iðnaðarins fagna því að almennur virðisaukaskattur lækki og bilið milli þrepanna minnki. Þannig breikka skattstofnar og skilvirkni skattkerfisins batnar. Samtökin sakna þess hins vegar að í áætluninni sé ekki að finna nánari sýn á þróun VSK kerfisins og mögulegrar einföldunar á skattkerfinu. Þannig væri áhugavert að vita hvort til standi að minnka enn frekar bilið milli VSK þrepanna líkt og t.d. AGS hefur lagt áherslu á. Ennfremur er nefnd að störfum sem fjallar um skipulag VSK í byggingariðnaði en í áætluninni er ekki að finna neina sýn eða vísbendingu um hvert sú vinna gæti leitt. Samtökin eru í heild sinni ánægð með lækkun á almennu þrepi virðisaukaskattsins en benda um leið á að skattheimta á Íslandi er ennþá há í alþjóðlegu samhengi.

III. Um tryggingagjald

Samtök iðnaðarins hafa ítrekað lagt áherslu á mikilvægi þess að tryggingagjald verði lækkað og komið í svipað horf og það var fyrir árið 2009. Vegna efnahagskreppunnar hækkaði gjaldið mikið í takt við aukið atvinnuleysi en gjaldið hefur ekki lækkað á ný í takt við betra efnahagsástand. Stjórnvöld gáfu loforð í ársbyrjun 2016 í tengslum við gerð kjarasamninga og leggja samtökin áherslu á að staðið verði við þau. Atvinnulífið stendur bæði frammi fyrir miklum launahækkunum og hækkun lífeyrisgjalda í tengslum við jöfnun lífeyrisréttinda. Loforð stjórnvalda átti að koma til móts við þessar hækkanir. Mikilvægt er að lækkun tryggingagjalds komi til framkvæmda í upphafi 2018.

IV. Fjárfestingar í innviðum

Þrátt fyrir að samtökin telji mikilvægt að halda aftur af útgjaldaaukningu hins opinbera er ekki hægt að horfa framhjá brýnni þörf á opinberum fjárfestingum. Eitt af þeim atriðum sem Samtök iðnaðarins hafa sérstakar áhyggjur af er hversu lágt opinbert fjárfestingastig hefur verið um langt árabíl jafnvel þótt vægi fjárfestinga í heild sinni hafi verið að færast í samt horf. Afleiðingar fjárfestingaskorts eru að innviðir rýrna en það dregur úr samkeppnishæfni samfélagsins. Staðan í þessum efnum er alls ekki nógu góð. Sem dæmi má nefna að fjárfesting í vegakerfinu hefur að jafnaði verið nærri 2% af landsframleiðslu en hefur í nokkur ár verið innan við helmingur af langtímameðaltali. Færa má rök fyrir því að uppsöfnuð fjárfestingaþörf í vegakerfinu einu og sér á síðustu 5-6 árum nemi um 60-65 milljörðum. Þá er ótalin margvísleg önnur innviðafjárfesting sem hefur látið á sér standa en vöxtur útgjalda ríkisins hefur farið í aðra málaflokka. Í ljósi þess hversu brýn þörfin er og hve langan tíma tekur að undirbúa slík verkefni er mikilvægt að hefja undirbúning og búa þannig um hnútana að forgangsverkefni séu tilbúin til framkvæmda. Samtökin fagna því að í þessari ætlun sé aukið nokkuð við fjármögnun í samgöngum frá því sem áður var en huga þarf líka að ýmsum öðrum innviðum.

Í ljósi þess hversu mikilvægur þessi málaflokkur er hyggjast samtökin í samstarfi við Félag ráðgjafarverkfræðinga ráðast í gerð ítarlegrar skýrslu sem fjallar um stöðu innviða að norrænni fyrirmynd sem jafnan kallast **State of the Nation**. Þar markar útgáfan grundvöll að umræðu á vettvangi stjórn mála og samfélagsins alls um stöðu innviða.

Óumdeilt er að ástand og uppbygging innviða er nátengd samkeppnishæfni landsins og eru í reynd lífæð heilbrigðs samfélags. Þrátt fyrir að vel hafi árað í efnahagslífinu síðustu ár hefur innviðafjárfesting verið lítil og að óbreyttu eru horfurnar ekki góðar. Telja samtökin að vinna af þessum toga geti verið mikilvægt framlag til fjármálaáætlunar.

V. Um hagskýrslugerð

Í áætluninni er fjallað um hagskýrslugerð. Miklar umbætur hafa átt sér stað á síðustu árum í fyrirtækjatölfræði og á Hagstofan hrós skilið fyrir þær. Í áætluninni er fjallað töluvert um helstu áskoranir framundan sem snúa m.a. að ferðaþjónustu, framleiðnimælikvörðum o.fl. Samtök iðnaðarins hafa hins vegar áhyggjur af því að verulegar brotalamir eru í söfnun og birtingu gagna um menntamál og mannauð. Ekkert er að finna um að til standi að bæta úr því. Sumar þessara rannsókna er Íslandi raunar skylt að framkvæmda skv. EES-samningum s.s. **Adult education Survey** og **Job vacancy survey**. Samtökin telja afar brýnt að bæta úr þessu og að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar. Að lokum má nefna að samtökin leggja mikla áherslu á að fjölga þeim nemendum sem velja verknám en nýjustu upplýsingar um fjölda nema og brautskráninga eru síðan skólaárið 2012-2013.


VI. Um rannsóknir og þróun

Bætt starfsskilyrði til nýsköpunar er brýnt hagsmunamál fyrir iðnaðinn og um leið samkeppnishæfni Íslands. Þar skiptir bæði máli að horfa til framgangs hugverkagreina en einnig þarf að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun á grunni rótgrónari greina. Stefnumótun stjórnvalda í nýsköpun byggir á stefnu Vísinda- og tækniráðs en nú er unnið að stefnumótun fyrir árin 2017-2019. Samtökin lýsa ánægju sinni með þá heildaráherslu sem málaflokkurinn fær í áætluninni, þótt útfærslur séu óljósar. Hins vegar vilja samtökin benda á að að afnema þarf hámark á endurgreiðslur vegna rannsóknar og þróunar enda er alþjóðleg samkeppni mikil um að laða til sín nýskapandi starfsemi. Stefnumörkun um þetta er aðkallandi. Í fjármálaáætlun er ennfremur lítil viðleitni til að bregðast við þörf á markvissum hagnýtum rannsóknum og nýsköpunarstarfi til að auka framleiðni í innlendum framleiðslu- og þjónustugreinum.

Sé litið til þróunar efnahagslífsins síðustu misserin og horfanna framundan er það krefjandi áskorun að treysta stöðugleika í efnahagslífinu og hafa opinber fjármál sjálfbær. Ný framkvæmd opinberra fjármála með fjármálaáætlun og fjármálastefnu styður við það en vægi hins opinbera þyrfti að minnka á þenslutímum. Hins vegar má ekki missa sjónar á mikilvægi þess að treysta framleiðnivöxt til lengdar og samkeppnishæf starfsskilyrði.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka iðnaðarins



Almar Guðmundsson,
framkvæmdastjóri SI